



Framkvæmda- fréttir 16. tbl. /07



Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri við enda borðs. Til vinstri starfsmenn Vegagerðarinnar: Kristín H. Sigurbjörnsdóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs, Jón Helgason framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs, Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs. Til hægri gestir frá samgönguráðuneyti: Svanhvít Axelsdóttir lögfræðingur, Eiríkur Bjarnason verkfræðingur, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, Kristján L. Möller samgönguráðherra. Kristjáni á vinstri hönd er Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri. Myndina tók Jóhannes Tómasson.

Nýr samgönguráðherra í heimsókn

Kristján L. Möller samgönguráðherra heimsótti Vegagerðina þriðjudaginn 29. maí og kynnti sér starfsemi stofnunarinnar.

Sem gamalreyndur samgöngunefndarmaður þekkir Kristján vel til gerðar samgönguáætlaða og því var lögð áhersla á að kynna honum innviði Vegagerðarinnar og þau fjölmörgu verkefni sem fram fara innan Vegagerðarinnar, hvort heldur þau snúa að vegagerð, brúagerð, jarðgangagerð, ferjusiglingum, sérleyfisferðum, leigubifreiðum, umferðareftirliti, vetrarþjónustu, sumarþjónustu, rannsóknum eða gæðaeftirliti svo nokkuð sé nefnt.

Niðurstöður útboða

Norðfjarðargöng og Óshlíðargöng, borun rannsóknarholna 07-021

Borun rannsóknarholna til rannsóknar á aðstæðum vegna fyrirhugaðra jarðganga á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar annars vegar og Hnífsdals og Bolungarvíkur hins vegar. Helstu magntölur eru:

Kjarnaborun :

Norðfjarðargöng 1.050 m
Óshlíðargöng 230 m

Borun í laust efni með föðrun:

Norðfjarðargöng 150 m
Óshlíðargöng 50 m

Borun vegna Óshlíðarganga skal vera lokið 15. júlí 2007. Verki skal að fullu lokið fyrir 15. september 2007.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.	68.628.200	139,2	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	49.300.000	100,0	-19.328

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 15. árg. nr. 470 4. júní 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Auglýsingar útboða

Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit 07-065

Vegagerðin og Kópavogsbær óska eftir tilboðum í eftirlit með verkinu „Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg“.

Um er að ræða breikkun og færslu Nýbýlavegar í Kópavogi á um 650 m kafla, gerð tveggja hringtorga á Nýbýlavegi og þrenna undirganga ásamt endurbyggingu tenginga við Hafnarfjarðarveg. Einnig er innifalin færsla og endurlögn á raf- og símastrengjum, þ.m.t. á 132 kV háspennustreng í norðuröxl núverandi Nýbýlavegar, breytingar og nýlagnir vatns- og fráveitulagna og öll landmótun og frágangur í samræmi við útboðsgögn.

Verkinu er skipt í áfanga en því skal að fullu lokið 15. júlí 2008.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarúni 7, í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 4. júní 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. júní 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 26. júní 2007 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Vegamálastjóri

Bæjarverkfræðingurinn

í Kópavogi



Héðinsfjarðargöng

Gröf tur Héðinsfjarðarganga gekk fremur rólega í síðustu viku (viku 21).

Siglufjarðarmegin gekk reyndar vel fyrri hluta vikunnar en þá kom fram vatnsæð og unnið hefur verið við bergþéttingar síðan.

Lengd ganga Siglufjarðarmegin er nú um 1.755 m og lengdust göngin þeim megin um 39 m sl. viku.

Ólafsfjarðarmegin var byrjað á bergþéttingum með pólyúretþan um miðja síðustu viku og stendur bergþétting



enn yfir. Lengd ganga Ólafsfjarðarmegin er óbreytt eða 1.160 m.

Það skal tekið fram að þær vatnsæðar sem fram hafa komið í göngunum til þessa eru tiltölulega litlar og hafa ekki valdið vandræðum við sjálfan gangagröftinn. Ástæða þess að unnið sé að bergþéttingum er aðallega sú að ekki er æskilegt að taka of mikið vatn inn í göngin þar sem þá þyrfti e.t.v. að stækka lagnir í fráveitukerfi ganganna.

Samanlögð lengd ganga er nú um 2.915 m sem er um 27,5 % af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 29. maí 2007. Búið er að sprengja 1.755 m í Siglufirði og 1.160 m í Ólafsfirði.



Samtals er búið að sprengja 2.915 m sem er 27,5% af heildarlengd.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-062 Óshlíðargöng	07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-049 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Öxnadalshéiði	07
07-050 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suður-Þingeyjarsýsla	07
07-051 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norður-Þingeyjarsýsla	07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	07
07-054 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Firðir	07
07-055 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hornafjörður	07
07-048 Festun og yfirlögn, Norðaustursvæði 2007-2008	07
07-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2007-2008	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmurkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svinadalsvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit	04.06.07 19.06.07
07-068 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi	04.06.07 19.06.07
07-064 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg	21.05.07 12.06.07

Auglýst útboð, framhald	Auglýst: Opnað:
07-066 Hringvegur (1) um Staðará,	21.05.07 05.06.07
07-028 Meðallandsvegur (204), Grenlækur - Fossar	21.05.07 05.06.07
07-016 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	21.05.07 05.06.07
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-061 Norðfjarðargöng og Óshlíðargöng borun rannsóknarholna	07.05.07 22.05.07
07-034 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007-2008, klæðing	30.04.07 15.05.07
07-005 Hringvegur (1), Grafarkot - Hraunsnef	30.04.07 15.05.07
07-045 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2007, norðurhluti	30.04.07 15.05.07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	23.04.07 15.05.07
07-001 Akranesvegur (509), Esjubraut - Kalmansbraut	16.04.07 15.05.07
07-057 Vetrarþjónusta, Reykjanes - Bolungarvík, 2007-2010	23.04.07 08.05.07
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	16.04.07 08.05.07
07-032 Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu 2007-2012, austurhluti	16.04.07 02.05.07
07-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2007, norðurhluti, klæðing	02.04.07 17.04.07
07-029 Vetrarþjónusta í Vestur-Skaftafellssýslu 2007-2012, vesturhluti	02.04.07 17.04.07
07-059 Yfirborðsmerkingar, vegmálun, 2007-2010	02.04.07 17.04.07
07-056 Hringvegur (1), hringtorg við Þingvallaveg (36)	19.03.07 03.04.07
07-015 Norðausturvegur (85), Presthólar - Kópasker	19.03.07 03.04.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
07-033 Yfirlagnir á Suðursvæði 2007, malbik <i>Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.</i>	02.05.07 18.05.07
07-041 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, „repave“ <i>Loftorka Reykjavík ehf.</i>	08.05.07 16.05.07
07-042 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2007, malbik <i>Loftorka Reykjavík ehf.</i>	08.05.07 16.05.07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), Héraðsdalsvegur - Svartá <i>Héraðsverk ehf.</i>	02.05.07 10.05.07

